

Námsáætlun - Haustið 2024 og Vor 2025
Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)
Frönsk menning og kvikmyndir



Kennslugögn

- Fjölritað efni frá kennara
- Léttlestrarbók: Christian Lause : **24 heures à Paris**, Edition Maison Des Langues
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, fréttatengt efni, blaðgreinar, stuttmyndir, sjónvarpsþættir, kvikmyndir o.fl.
- Mappa / möppur til að safna í efni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu) :
 - Snara: <https://snara.is/>
 - Lexía : <https://lexia.hi.is/is/> (íslensk / frönsk)

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmskonar efni tengt borginni, texta, léttlestrarbók, stuttmyndir og kvikmyndir, lagatexta og fleira. Sérstök áhersla verður lögð á að æfa tal og samskipti við mismunandi aðstæður. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur vinna margskonar samtalsverkefni. Þeir munu einnig halda kynningar á íslensku um ýmislegt sem tengist borginni.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynna lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Eftir heimkomu munu nemendur vinna að lokaverkefninu og halda kynningar byggða á reynslu sinn af ferðinni. Skylduþátttaka er í ferðina.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Námsmat

Námsmatið er símat sem byggir á skilaverkefnum, frammistöðu og þáttöku nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, fyrir, í og eftir ferð og stóru lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einkunnir og umsagnir verða gefnar fyrir verkefni, en lokaeinkunn verður í formi stafsins „M“, sem þýðir staðist. Einnig er farið fram á fulla mætingu og hefur hún áhrif á lokamat. Ef nemandi skilar ekki verkefnum, tekur ekki þátt og mætir illa, getur hann átt á hættu að standast ekki áfangann.

Vika	Yfirferð	Heimavinna og verkefni
1. 21.-23. 08	Kynning, könnun, hugstormur	
2. 26.- 30. 08.	Upprifjun: Escape game um ferðalög	
3. 02.- 06. 09.	Matarmenning Parísar Skoða matseðla og panta á veitingahúsi	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
4. 09.-13. 09.	Pönnukökubakstur í tíma og æfing í að panta pönnukökur Panta á veitingahúsi og kaffihúsi (frh.)	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
5. 16.-20. 09.	Reel verkefni: finna reel myndbönd um veitingahús í París í samfélagsmiðlunum, safna myndböndum og gera samantekt á frönsku saman.	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
6. 23.-27. 09. 26./09. Evrópski tungumáladagurinn	Reel verkefni/video log: búa til eigið Reel myndband á frönsku.	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
7. 30.09.- 04.10.	Samgöngur (stætó, neðarjarðarlest. o.s.frv.)	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
8. 07.-11. 10.	Samgöngur (frh.) og verkefni Lag: „Le poinconneur des Lilas“ eftir Serge Gainsbourg	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
9. 14.-18. 10	Að spyrja og vísa til vegar, raðtölur (frh.)	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
10. 21.-23. 10	Hausthlé 24.10. og 25.10 Kvikmynd: Amélie og verkefni tengt bíómyndinni	
11. 28. 10.- 01. 11.	Kvikmynd: Amélie og verkefni tengt bíómyndinni	
12. 04.-08. 11.	Hlustunarverkefni Lag	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
13. 11.-15. 11.	Fatabúðir Læra að fá upplýsingar í fatabúðum.	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
14. 18.-22. 11.	Fatabúðir (frh.)	Léttlestrarbók: 24 heures à Paris
15. 25.-29. 11.	Jólin í París	

Mikilvægt

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öll stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð-og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema verið sé að vinna að verkefnum í tíma.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma hlýtur viðkomandi einkunnina 0.

Kennsluáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar